

55. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Bíldudalskaupturn nr. 177 19. september 1947 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 23. október 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957 um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

4. málsgrein 1. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. febrúar ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Á eftir næstsíðustu (5.) málsgrein 6. greinar reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi, en sagt því upp, sbr. 1. mgr., hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár eftir uppsögn, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. október 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.